

Árspaning Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands

í háskólanum á Akureyri

Föstudagur 31. mars

13:00-13:15	Setning
13:15-13:35	Nýrnaígræðslur á Íslandi 2003-2005 – Eiríkur Jónsson yfirlæknir þvaggfæraskurðlækningadeild Landspítala
13:35-13:45	Svæfingar og nýrnaverndandi meðferð nýrnagjafa og þega – Kári Hreinsson svæfingalæknir Landspítala
13:45-13:55	Kaffi
13:55-14:15	Líffæragjafir á Íslandi – Kristinn Sigvaldason yfirlæknir á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi
14:15-14:45	Svæfingar sjúklinga með ígrædd líffæri – Kári Hreinsson svæfingalæknir Landspítala
14:45-15:30	Flutningur erinda
15:30-16:00	Kaffi
16:00-17:15	Flutningur erinda
17:45	Aðalfundur SGFÍ og Skurðlæknafélags Íslands

Laugardagur 1. apríl

Seminar um verki, slítigt, forgangsroðun og árangur gerviliðaaðgerða.

09:00-09:45	Kaffi og tækjasýning
09:45-10:20	Pain and OA – Prófessor Stefan Lohmander, háskólanum í Lundi, Svíþjóð
10:20-10:50	Meðferð verkja eftir gerviliðaaðgerðir – Girish Hirlekar forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæsludeildar FSA
10:50-11:25	Capacity to benefit from total joint replacement – Prófessor Paul Dieppe, háskólanum í Bristol, Bretlandi
11:25-11:50	Árangur gerviliðaaðgerða, frá sjónarhóli læknis og sjúklings – Þorvaldur Ingvarsson bæklunarlæknir FSA
11:50-12:00	Umræður
12:00-16:00	Hlé
16:00-16:30	Fyrsti spítalinn á Akureyri – Gudmanns Minde – Hanna Rósa Sveinsdóttir safnvörður við Minjasafnið á Akureyri
16:30-16:50	Jón Finsen og samtíð hans í Eyjafirði – Magnús L. Stefánsson læknir FSA
16:50-17:05	Heilaskurðaðgerðir á Íslandi um þarsíðustu aldamót – Bjarni Hannesson heila- og taugaskurðlæknir FSA
17:05-17:30	Fyrstu svæfingar á Íslandi – Jón Sigurðsson svæfingalæknir

Pingið er opið öllum læknum og læknanemum. Skráning hjá Helgu Magnúsdóttur helgam@fsa.is sími 860 0568 eða Girish Hirlekar girish@fsa.is sími 860 0567.



Aðalfundur Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands (SGFÍ)

Aðalfundur SGFÍ haldinn í háskólanum á Akureyri föstudaginn 31. mars 2006, kl. 17:45.

Dagskrá

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Stjórnin

Aðalfundur Skurðlæknafélags Íslands

Aðalfundur haldinn í háskólanum á Akureyri föstudaginn 31. mars 2006, kl. 17:45.

Dagskrá

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Stjórnin



Aðalfundur Félags áhugamanna um sögu læknisfræð- innar

Aðalfundur Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar verður haldinn laugardaginn 4. mars 2006 kl. 11.00 í Hringssal Barnaspítala Hringssins á Landspítala.

Hefðbundin aðalfundarstörf

- gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins
- formaður flytur skýrslu stjórnar
- kosning stjórnar
- ákvörðun félagsgjalda
- önnur mál

Fyrirlestur

Steinunn Kristjánsdóttir, phil.dr.

Lækningar í Ágústínusarklaustrinu á Skriðu í Fljótssdal
– niðurstöður fornleifarannsóknar

Eftir fjögurra ára fornleifarannsókn á rústum Skriðuklausturs eru híbýli þess, sem og margþætt hlutverk, mjög að skýrast. Bygging klaustursins samanstóð af þyrpingu vistarvera, kapellu og veglegri kirkju sem stóðu við klausturgarð. Byggingin var áþekkt öðrum kaþólskum klausturbyggingum erlendis, líkt og hlutverk þess, en í Skriðuklaustri fór fram bókfells- og blekgerð, ritun bóka og skjala, auk ræktunar mat- og lækningajurta. Þar var jafnframt rekið hospital og stundaðar lækningar. Í erindinu verður fjallað um framgang rannsóknarinnar og greint verður frá helstu niðurstöðum.

Steinunn Kristjánsdóttir (f. 1965) lauk doktorsprófi í fornleifafræði við háskólann í Gautaborg árið 2004. Starfar sem verk-efnastjóri Skriðuklaustursrannsókna sem hýstar eru á Þjóðminjasafni Íslands. Formaður Fornleifafræðingafélags Íslands og á sæti í Fornleifanevnd.

Stjórnin

Heimasíða Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar: www.icemed.is/saga/

30. AUGUST - 1. SEPTEMBER 2006

THE FOURTH ACTA ONCOLOGICA SYMPOSIUM



HOLMENKOLLEN PARK HOTEL RICA, OSLO, NORWAY

LONG-TERM CANCER SURVIVORSHIP

-Clinical problems, practical solutions and future challenges

Aims of the symposium

Increase the knowledge about etiology, prevalence, prevention and treatment of the long-term effects after treatment for cancer. Through lectures and workshops describe how these issues influence the cancer survivors life where the goal is to improve the long-term physical and psychosocial health of the cancer survivor.

Target audience

Health professionals. Clinical and basic scientists dealing with the effects of cancer and its treatments of relevance of late effects. Epidemiologists. Politicians and health administrators influencing health care strategies.

- International speakers

- The Norwegian Minister of Health will open the Conference

www.acta-oncologica.org

XVII. þing Félags Íslenskra lyflækna

verður haldið á Hótel Selfossi dagana
9.-11. júní

Skilafrestur ágrípa erinda og veggspjalda er
15. apríl á netfangið birna@birna.is

Allar nánari upplýsingar varðandi frágang ágrípa, dagskrá, herbergjapantanir, verð og svo framvegis munu birtast á heimasíðu skipuleggjanda eftir því sem mál skýrast.

Skipulagningu annast: Menningarfylgd Birnu ehf., s. 862 8031;
www.birna.is

LAUSAR STÖÐUR LÆKNA

Heilsugæslan í Salahverfi í Kópavogi auglýsir nýja stöðu læknis lausa til umsóknar.

Staðan er laus í sumar eða haust eftir samkomulagi. Leitað er að sérfræðingi í heimilislækningum. Fimm læknar starfa þegar á Heilugæslunni í Salahverfi, sem einkum þjónar íbúum Linda-, Sala- og Vatns-endahverfa í Kópavogi.

Umsóknarfrestur er til 27. mars n.k.

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf óskast sendar Hauki Valdimarssyni yfirlækni, Heilsugæslunni Salahverfi, Salavegi 2, 201 Kópavogi, sem einnig gefur nánari upplýsingar í síma Heilsugæslunnar 590 3900, netfang haukur@salus.is.

Þá leitar Heilsugæslan í Salahverfi einnig eftir lækni til afleysingavinnu næsta sumar á tímabilinu júní – ágúst.

Áhugasamir læknar vinsamlegast hafið samband við yfirlækni sem fyrst um þá stöðu.



Salavegi 2 - Kópavogi - Sími 590 3900 - www.salus.is



Laus staða

Laus er til umsóknar staða læknis við Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi.

Æskilegt er að viðkomandi hafi viðurkenningu sem sérfræðingur í heimilislækningum, þó ekki skilyrði.

Starfssvæði stofnunarinnar er Austur-Húnavatnssýsla og eru íbúar svæðisins um 2100. Tveir þéttbýliskjarnar eru á svæðinu, Blönduós og Skagaströnd. Verið er að byggja nýja heilsugæslustöð á Skagaströnd sem verður tekin í notkun í ágúst næstkomandi.

Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi er í 6.000 m² húsi og þar er heilsugæsla, sjúkradeild, hjúkrunarrými og dvalardeild. Vinnuaðstaða og aðstaða öll er til fyrirmyndar og vel tækjum búin. Við stofnunina starfa þrír læknar.

Umsóknir með upplýsingum um læknismenntun og læknisstörf skulu berast til:

Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi, b.t. Valbjarnar Steingrímssonar framkvæmdastjóra, Flúðabakka 2, 540 Blönduósi, sími 455-4100, valbjorn@hsb.is sem gefur jafnframt nánari upplýsingar um starfið ásamt Ómari Ragnarssyni yfirlækni í síma 455 4100, omar@hsb.is
Sjá einnig www.hsb.is

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2006.



Heilbrigðisstofnunin
Sauðárkróki

Læknar – sumarafleysingar

Stofnunin óskar eftir læknum til afleysinga í sumar. Um er að ræða tvær 100% stöður í þrjá mánuði. Fritt húsnæði í boði. Nánari upplýsingar veitir Örn Ragnarsson yfirlæknir Heilsugæslusviðs í síma 455-4000.

Framkvæmdastjóri



Fjórðungssjúkrahúsið
á Akureyri

Myndgreiningardeild

Yfirlæknir

Staða yfirlæknis á myndgreiningardeild FSA er laus til umsóknar. Meðal verkefna yfirlæknis er fagleg umsjón með tölvusneiðmynda- og segulómrannsóknnum. Þá hefur yfirlæknir umsjón með gerð vinnu- og vaktalista lækna. Umsækjendur skulu hafa lækningaleyfi á Íslandi og fullgild sérfræðiréttindi í myndgreiningu (geislagreiningu). Starfinu fylgir vaktskylda á deildinni og þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta.

Sérfræðingur

Staða sérfræðings á myndgreiningardeild FSA er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% stöðu með vaktaskyldu og þátttöku í kennslu heilbrigðisstétta. Umsækjendur skulu hafa lækningaleyfi á Íslandi og fullgild réttindi í myndgreiningu (röntgen/geislagreiningu).

Næsti yfirmaður er forstöðulæknir myndgreiningardeildar.

Umsóknarfrestur er til 20. mars 2006 og stöðurnar veitast frá 1. apríl 2006 eða eftir samkomulagi.

Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu ásamt hæfileikum á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða. Starfskjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um stöðuna veita Orri Einarssonar settur forstöðulæknir, í síma 463 0100 eða tölvupósti orrie@fsa.is

Í umsóknnum skal gerð grein fyrir náms- og starfsferli, rit-, kennslu- og stjórnunarstörfum svo og sérstökum áhugasviðum faglegs efnis. Umsóknnum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum, sem fást á skrifstofu FSA, auk fylgiskjala, til Þorvaldar Ingvarssonar, framkvæmdastjóra lækninga, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri.

Geðdeild

Deildarlæknir

Laus er til umsóknar staða deildarlæknis við geðdeild. Staðan er veitt til 6 mánaða með möguleika á framlengingu. Staðan getur nýst til sérfræðináms í geðlækningum og heimilislækningum að hluta og/eða til endurmenntunar. Starfinu fylgir bakvaktaskylda. Læknirinn fær í starfi sínu leiðsögn og kennslu hjá fjórum geðlæknum deildarinnar og auk þess kost á að sækja fræðslufundi og námskeið á starfstímanum.

Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu ásamt hæfileikum á sviði samskipta og samvinnu. Umsóknnum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum, sem fást hjá landlæknisembættinu, ásamt fylgiskjölum. Umsóknirnar skulu vera í tvíriti og berast til Þorvaldar Ingvarssonar, framkvæmdastjóra lækninga, Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri og veitir hann einnig nánari upplýsingar í síma 463 0109 eða í tölvupósti: thi@fsa.is ásamt Sigmundi Sigfússyni, forstöðulækni geðdeildar í síma 463 0100.

Starfið er laust eftir samkomulagi og umsóknarfrestur er til 15. mars 2006.

Öllum umsóknnum verður svarað.